

Miðvikudaginn 14. júní 2017.

Nr. 318/2017.

Brotafl ehf.

(Sigurður Sigurjónsson hrl.)

gegn

Tollstjóra

(Snorri Olsen tollstjóri)

Kærumál. Aðfarargerð.

B ehf. krafðist þess að felld yrði úr gildi árangurslaus aðfarargerð sem sýslumaður gerði hjá félaginu að beiðni T og að viðurkenndur yrði réttur þess til að benda á nánar tilgreinda muni í eigu A ehf. til tryggingar kröfum T. Fyrir lá að umræddir munir höfðu verið kyrrsettir að kröfu héraðssaksóknara. Í úrskurði héraðsdóms, sem staðfestur var í Hæstarétti með vísan til forsendna hans, kom fram að A ehf. hefði verið óheimilt að ráðstafa fyrrgreindum eignum félagsins til tryggingar kröfum T á hendur B ehf. enda færi slík ráðstöfun í bága við rétt héraðssaksóknara, sbr. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 31/1990 um kyrrsetningu, lögbann o.fl. Var aðfaragerðin því staðfest.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þorgeir Örlygsson og Helgi I. Jónsson og Ingveldur Einarsson settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut má linu til Hæstaréttar með kæru 18. maí 2017 en kærumálgögn bárust réttinum 2. júní sama ár. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 8. maí 2017 þar sem staðfest var aðfarargerð sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu 25. október 2016 í máli nr. 2016-024354. Kæruheimild er í 3. mgr. 95. gr. laga nr. 90/1989 um aðför. Sóknaraðili krefst þess að framangreind aðfarargerð sýslumanns verði felld úr gildi og „að viðurkenndur verði réttur sóknaraðila til að benda á lausafjármuni til fjárnáms, er tilgreindir eru í endurriti sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu þann 25.10.2016 til tryggingar kröfum varnaraðila“. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Sóknaraðila verður gert að greiða varnaraðila kærumálskostnað eins og í dómsorði greinir.

Það athugist að í hinum kærða úrskurði láðist að geta þess að fyrir héraðsdómi krafðist varnaraðili þess að kröfum sóknaraðila yrði hafnað, umrædd aðfarargerð staðfest og að sóknaraðila yrði gert að greiða varnaraðila málskostnað.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Brotafl ehf., greiði varnaraðila, Tollstjóra, 350.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 8. maí 2017.

Mál þetta, sem barst dóminum 3. nóvember 2016, var tekið til úrskurðar 10. apríl 2017. Sóknaraðili er Brotafl ehf., Vesturvör 25, Kópavogi. Varnaraðili er Tollstjóri.

Dómkröfur sóknaraðila eru þær að felld verði úr gildi árangurslaus aðfarargerð sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu númer 2016-024354, sem fram fór 25. október 2016, og að lagt verði fyrir sýslumann að endurupptaka gerðina. Einnig er þess krafist að viðurkenndur verði réttur sóknaraðila til að benda á lausafjármuni til fjárnáms, er tilgreindir eru í endurriti gerðabókar sýslumanns þann 25. október 2016, til tryggingar kröfum varnaraðila. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar.

I.

Málsatvik eru þau að með fjárnámsbeiðni, dags. 27. apríl 2016, krafðist varnaraðili þess að fjárnám færi fram hjá sóknaraðila til að tryggja greiðslu vangoldinna þinggjalda, bifreiðagjalds, staðgreiðslu tryggingagjalds, staðgreiðslu launagreiðanda og virðisaukaskatts. Krafan nam þá 13.887.515 kr. að höfuðstól og dráttarvextir 5.003.598 kr.

Í endurriti úr gerðabók sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu kemur fram að við fyrirtöku 28. september 2016 hafi fyrirsvarsmaður sóknaraðila mætt og sagt að hann væri í viðræðum við varnaraðila. Gerðarþoli hafi lagt fram lista yfir eignir sem gætu tryggt kröfuna og varnaraðili væri að meta þann lista en til þess þyrfti lengri tíma. Aðilar hafi verið sammála um að fresta gerðinni til 7. október kl. 10. Um er að ræða eignir A ehf., en samkvæmt umboði stjórnarformanns félagsins, dags. 28. september 2016, veitti hann fyrirsvarsmanni sóknaraðila fullt og ótakmarkað umboð til þess að leggja fram og benda á eignir úr félaginu fyrir allt að 20.000.000 kr. til tryggingar fjárnámskröfu varnaraðila á hendur sóknaraðila.

Hinn 7. október 2016 mætti fyrirsvarsmaður sóknaraðila hjá sýslumanni ásamt lögmanni sínum kl. 11 en ekki kl. 10.00, vegna misskilnings, og var gerðinni lokið án árangurs. Sóknaraðili óskaði eftir endurupptöku aðfarargerðarinnar og var hún endurupptekin 25. október 2016. Áður hafði varnaraðili leitað afstöðu héraðssaksóknara til ábendingar fyrirsvarsmanns A ehf. á eignir félagsins til tryggingar kröfu varnaraðila á hendur sóknaraðila, þar sem eignir A ehf. höfðu verið kyrrsettar að kröfu héraðssaksóknara. Afstaða héraðssaksóknara var sú að ábendingin væri óheimil og í andstöðu við hagsmuni embættisins, sbr. 20. gr. laga nr. 31/1990 um kyrrsetningu, lögbann o.fl. Með vísan til þessa

hafnaði varnaraðili ábendingu sóknaraðila í eignir A ehf. og féllst fulltrúi sýslumanns á sjónarmið varnaraðila og lauk gerðinni án árangurs.

Sóknaraðili mun hafa greitt varnaraðila 9.000.000 kr. inn á kröfuna hinn 26. október 2016, 2.000.000 kr. hinn 24. nóvember 2016 og 1.000.000 kr. hinn 9. desember 2016.

II.

Sóknaraðili byggir á því að samkvæmt ákvæðum 21. gr. laga nr. 31/1990 um kyrrsetningu, lögbann o.fl. þá víki kyrrsetning fyrir fjárnámi í kyrrsettri eign. Þá vísar sóknaraðili til ákvæða 2. mgr. 37. gr. aðfararlaga nr. 90/1989 en samkvæmt ákvæði greinarinnar sé fortakslaust að gera megir fjárnám í eign þótt lögbönd séu á henni eða annar hafi fengið veðbönd í henni.

Sóknaraðili telur að þegar og af þessum ástæðum hefði fulltrúa sýslumanns borið að hafna andmælum varnaraðila og fallast á að ljúka mætti gerðinni með því að taka fjárnám í lausafjármunum sem sóknaraðili benti á. Því beri að fallast á kröfu sóknaraðila um að ógilda verði aðfarargerðina.

Sóknaraðili byggir á því að við fjárnámsgerðina 25. október 2016 hafi hann lagt fram umboð frá fyrirsvarsmanni A ehf. þar sem heimilað hafi verið að benda mætti á tilgreinda lausafjármuni í eigu A ehf. til fjárnáms, til tryggingar kröfu varnaraðila á hendur sóknaraðila. Varnaraðili hafi ekki borið bríður á andlagið sem sóknaraðili benti á og engum andmælum hreyft við að umræddir lausafjármunir væru í eigu A ehf. og að verðmæti væri fullnægjandi fyrir kröfu varnaraðila. Þess hafi ekki verið farið á leit við sýslumann að umræddir lausafjármunir yrðu virtir til fjár. Eignirnar hafi því ekki verið virtar og af því leiði að lausafjármunirnir fullnægi áskilnaði 1. mgr. 37. gr. aðfararlaga og teljist nægilegt andlag fyrir fjárnámi.

Sóknaraðili kveður að það sé alþekkt að fyrirtæki geti lent í tímabundnum lausafjárerfiðleikum. Sóknaraðili hafi skilning á því að varnaraðili beri að tryggja kröfuréttindi sín. Það sé hins vegar utan skilnings sóknaraðila að varnaraðili fallist ekki á að taka tryggingu í verðmætum sem sannanlega standi til fullnustu kröfu varnaraðila á hendur sóknaraðila. Markmið aðfarargerðar sé að fullnægja skyldu um greiðslu peninga ellegar taka veð í eignum til tryggingar kröfu. Í því tilviki sem hér um ræðir hafi ekki verið til að dreifa peningum og því hafi sóknaraðili bent á verðmæti, eignir til tryggingar kröfu varnaraðila. Það sé með öllu óskiljanlegt að varnaraðili hafi ekki fallist á ábendingu sóknaraðila á tilgreind verðmæti í lausafé en í þess stað krafist þess að gerðinni yrði lokið án árangurs. Að mati sóknaraðila verður ekki skilið með hvaða hætti slík málalok geti þjónað þeim hagsmunum varnaraðila að tryggja fullnustu krafna hans á hendur sóknaraðila. Þvert á móti þá leiði slík afstaða og háttsemi kröfuhafa almennt og að öllu jöfnu til gjaldþrots skuldara sem aftur leiði til þess að viðkomandi kröfuhafi verði að færa niður og afskrifa kröfur sínar á hendur skuldara. Lögum samkvæmt

hafi varnaraðili það hlutverk innheimtumanns ríkissjóðs og beri að gæta að því að hámarka árangur á því sviði.

Sóknaraðili hafi lögvarða hagsmuni af úrlausn héraðsdóms í þessu máli. Með árangurslausri aðför sé varnaraðili að valda sóknaraðila augljósu tjóni sem meðal annars felist í því að lánshæfi félagsins rýrni stórlega og lánardrottinnar félagsins geti með einföldum hætti gengið að félaginu og krafist gjaldþrotaskipta á grundvelli hinnar árangurslausu aðfarargerðar. Í því felist augljóslega tjón fyrir sóknaraðila sem ekki yrði bætt.

Sóknaraðili segir að ávallt hafi staðið til að greiða kröfu varnaraðila. Tímabundnir lausafjárerfiðleikar hafi torvelað sóknaraðila að greiða kröfuna á tilskildum tíma. Hafi sóknaraðili upplýst varnaraðila skilmerkilega um að félagið myndi greiða skuldina og með hvaða hætti, en félagið hafi meðal annars beðið uppgjörs vegna verktöku við byggingu fangelsis á Hólmsheiði. Sóknaraðili sé gjaldfært félag sem hafi nú þegar greitt 12.000.000 króna inn á kröfu varnaraðila. Nemi sú greiðsla tæplega 64% af kröfu varnaraðila á hendur sóknaraðila, eða um 2/3 hlutum kröfu varnaraðila.

Um lagarök vísar sóknaraðili til laga nr. 90/1989 um aðför, einkum 37. og 39. gr., og varðandi kröfu um úrlausn um gerðina vísast til 15. kafla laganna. Þá vísar sóknaraðili til 21. gr. l. nr. 31/1990 um kyrrsetningu, lögbann o.fl.

Varðandi málskostnað vísar sóknaraðili til 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

III.

Varnaraðili byggir á því að eignirnar sem sóknaraðili hafi bent á hafi ekki verið nægileg trygging fyrir greiðslu kröfunnar þar sem eigandi lausafjárins, A ehf., hafi haft takmarkaðan ráðstöfunarrétt á þeim eignum sem bent var á. Ráðstöfunarrétturinn sé takmarkaður af kyrrsetningu héraðssaksóknara, sbr. 20. gr. laga nr. 31/1990 um kyrrsetningu, lögbann o.fl.

Vegna takmörkunar á ráðstöfunarrétti kyrrsetningarþola þá geti hann hvorki með yfirlýsingu né samningi veitt þriðja aðila heimild til að benda á kyrrsettar eignir við fjárnámsgerð án samþykkis kyrrsetningarhafa. A ehf. sé óheimilt að ónýta kyrrsetningargerð með því að heimila að lagt verði aðfararveð á lausaféð í andstöðu við hagsmuni kyrrsetningarhafa vegna ákvæða 1. mgr. 21. gr. laga nr. 31/1990.

Þar sem fyrir liggi neikvæð afstaða héraðssaksóknara til ábendingarinnar sé ljóst að ábendingin tryggi ekki kröfu varnaraðila. Væri fallist á að ábendingarrétturinn næði til þess tilviks sem hér ræðir sé ljóst að þriðji maður, í þessu tilviki héraðssaksóknari, gæti fengið fjárnámsgerðina endurupptekna vegna hagsmuna sinna og fengið fjárnáminu aflétt eftir endurupptöku, sbr. 2. mgr. 67. gr. laga um aðför. Fjárnám í kyrrsettum eignum þriðja aðila sé því ekki fullnægjandi trygging fyrir greiðslu hinna vangoldnu krafna.

Varnaraðili telur að það hafi ekki þýðingu hvort sóknaraðili telji að hin títtnefnda kyrrsetningargerð sé röng og tilhæfulaus. Kyrrsetningargerðin hafi gildi að lögum þar til henni hafi verið aflétt eða hún felld niður.

Sóknaraðili hafi ekki bent á aðrar eignir til að tryggja greiðslu kröfunnar og hafi því ekki verið hægt að ljúka gerðinni öðruvísi en með árangursleysi.

Til stuðnings kröfu varnaraðila um málskostnað er vísað til XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

IV.

Samkvæmt 1. mgr. 20. gr. laga nr. 31/1990 um kyrrsetningu, lögbann o.fl. er gerðarþola eða öðrum eiganda kyrrsettrar eignar óheimilt að ráðstafa henni með samningi þannig að í bága fari við rétt gerðarbeiðanda og er gerðarbeiðandi ekki bundinn gagnvart þriðja manni af slíkri ráðstöfun. Eignir þær sem fyrirsvarsmaður sóknaraðila benti á við fjárnámsgerðina hinn 25. október 2016 voru í eigu A ehf. og höfðu þær verið kyrrsettar að kröfu héraðssaksóknara. Félaginu var því óheimilt að ráðstafa eignum þess til tryggingar kröfu varnaraðila á hendur sóknaraðila, enda fer slík ráðstöfun í bága við rétt héraðssaksóknara.

Sóknaraðili heldur því fram að þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 20. gr. laga nr. 31/1990 megi gera fjárnám í eignum A ehf. þar sem kyrrsetning víki fyrir fjárnámi í kyrrsettri eign, sbr. 1. mgr. 21. gr. laganna. Einnig vísar sóknaraðili til þess að samkvæmt 2. mgr. 37. gr. laga nr. 90/1989 um aðför megi gera fjárnám í eign þótt lögbönd séu á henni eða annar hafi áður fengið veðbönd í henni.

Ákvæði 1. mgr. 21. gr. laga nr. 31/1990 mælir fyrir um að kyrrsetning víki fyrir fjárnámi, með þeim hætti að hún færist aftur fyrir fjárnám í veðröð á þeirri eign sem hún er gerð í, án þess þó að hún falli niður. Ákvæðið felur ekki í sér heimild kyrrsetningarþola til að ráðstafa kyrrsettum eignum andstætt skýrum fyrirmælum 1. mgr. 20. gr. laganna. Þá felur 2. mgr. 37. gr. laga nr. 90/1989 það í sér að eldri réttindi gangi fyrir fjárnáminu, en ákvæðið veitir kyrrsetningarþola ekki heimild til að ráðstafa eignum í andstöðu við 1. mgr. 21. gr. laga nr. 31/1990.

Með vísan til framangreinds er kröfum sóknaraðila hafnað og staðfest aðfarargerð sem sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu gerði hjá sóknaraðila 25. október 2016 í máli nr. 2016-024354.

Eftir þessum úrslitum og að kröfu varnaraðila verður sóknaraðila gert að greiða varnaraðila málskostnað sem þykir hæfilega ákveðinn 250.000 krónur.

Úrskurð þennan kveður upp Sandra Baldvinsdóttir héraðsdómari.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Staðfest er aðfarargerð sem sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu gerði hjá sóknaraðila, Brotafli ehf., hinn 25. október 2016 í máli nr. 2016-024354.

Sóknaraðili greiði varnaraðila, Tollstjóra, 250.000 krónur í málskostnað.